



**98. fundur Byggðaráðs Múlapings  
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 24. október 2023  
og hófst hann kl. 08:30**

**Fundinn sátu:**

Vilhjálmur Jónsson varaformaður, Ívar Karl Hafliðason aðalmaður, Helgi Hlynur Ásgrímsson aðalmaður, Þröstur Jónsson áheyrnarfulltrúi, Guðný Lára Guðrúnardóttir varamaður, Eyþór Stefánsson varamaður, Björn Ingimarsson sveitarstjóri, Guðlaugur Sæbjörnsson fjármálastjóri og Óðinn Gunnar Óðinsson skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Óðinn Gunnar Óðinsson, skrifstofustjóri

**Dagskrá:**

**1. 202301003 - Fjármál 2023**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir og kynntu mál er varða fjármál og rekstur sveitarfélagsins.

Lagt fram til kynningar.

**2. 202306001 - Fjárhagsáætlun Múlapings 2024 - 2027**

Fjármálastjóri og sveitarstjóri fóru yfir stöðu vinnu fjárhagsáætlunar Múlapings 2024 og þriggja ára áætlunar 2025 til 2027 á grundvelli rammaáætlunar sem samþykkt var af sveitarstjórn 14. júní 2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð vísar áætlunni með áorðnum breytingum til umfjöllunar á næsta fundi byggðaráðs og sveitarstjórnar 15. nóvember til fyrri umræðu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**3. 202310128 - Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, ársreikningur 2022**

Fyrir liggur bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga vegna ársreiknings 2022.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að vísa fyrirliggjandi bréfi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, vegna ársreiknings Múlapings 2022, til sveitarstjórnar til kynningar.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**4. 202308081 - Sláturhúsið Menningarmiðstöð, Samþykktir**

Fyrir liggja drög að endurskoðaðri samþykkt fyrir Sláturhúsið menningarmiðstöð.



En byggðaráð fól, á fundi sínum 22.8. 2023, skrifstofustjóra ásamt atvinnu- og menningarstjóra að láta vinna tillögur að uppfærðri samþykkt fyrir Sláturhúsið menningarmiðstöð.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi drög að samþykktum fyrir Sláturhúsið menningarmiðstöð og vísar þeim til sveitarstjórnar til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

#### **5. 202309111 - Gjaldskrár 2024**

Fyrir liggur tillaga að gjaldskrá fyrir rými í Sláturhúsinu fyrir árið 2024 frá forstöðumanni Sláturhússins og atvinnu- og menningarstjóra Múlaþings.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings samþykkir fyrirbyggjandi tillögu að gjaldskrá fyrir rými í Sláturhúsinu fyrir árið 2024 og felur forstöðumanni Sláturhússins að sjá til þess að hún verði virkjuð.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

#### **6. 202302044 - Fundargerðir stjórnar HEF 2023**

Fyrir liggur fundargerð stjórnar HEF veitna, dagsett 10.10.2023.

Lagt fram til kynningar.

#### **7. 202308115 - Aðalfundur EBÍ 2023**

Fyrir liggur fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands, dagsett 06.10.2023.

Lagt fram til kynningar.

#### **8. 202310129 - Ágóðahlutagreiðsla 2023**

Fyrir liggur tilkynning frá EBÍ þar sem fram kemur að ágóðahlutur Múlaþings að fjárhæð kr. 2.023.500,- verður greiddur inn á reikning sveitarfélagsins þann 3. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

#### **9. 202012073 - LungA skólinn, samstarfsbeiðni**

Fyrir liggur erindi frá skólastjóra og verkefnastjóra LungA skólans varðandi styrkveitingu frá sveitarfélaginu vegna ársins 2024 og mögulega til lengri tíma.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð Múlaþings beinir fyrirbyggjandi erindi frá skólastjóra og verkefnastjóra LungA skólans, varðandi styrkveitingu frá sveitarfélaginu vegna ársins 2024, til fjölskylduráðs til afgreiðslu.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.



**10. 202107033 - Stöðuleyfi, Stýrishús - Brú, Austurveg 17 Seyðisfirði**

Vilhjálmur Jónsson lýsti yfir vanhæfi sínu vegna málsins. Í hans stað mætti Jónína Brynjólfsdóttir á fundinn undir þessum lið.  
Við stjórn fundarins undir þessum lið tók Ívar Karl Hafliðason.

Fyrir liggur erindi frá byggingarfulltrúa Múlapings þar sem óskað er eftir staðfestingu byggðaráðs um hvort ráðið heimili áframhaldandi staðsetningu á stýrishúsi á landi sveitarfélagsins við Austurveg 17b og 19c. Monika Frycova hefur sótt um framlengingu á stöðuleyfi fyrir stýrishúsið í eitt ár til viðbótar. Einnig liggur fyrir umsögn heimastjórnar Seyðisfjarðar varðandi málið, dags. 11.10.2023, auk erindis frá Ragnhildi Billu Árnadóttur frá 22.10.2023.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð felst ekki á að samningur við málsaðila um afnot á landi Múlapings við Austurveg 17b og 19c verði framlengdur þar sem forsenda samkomulags dags. 01.03.2023 var að húsið yrði fjarlæggt fyrir lok október 2023. Byggðaráð felst á að heimila umsækjanda að staðsetja stýrishúsið á óbyggðri lóð sveitarfélagsins til atvinnustarfsemi t.d. við Lónsleiru 2,4,6 á móts við Ferjuleiru 1. Ef málsaðili þiggur þetta þá felur byggðaráð framkvæmda- og umhverfismálastjóra að láta ganga frá samningi, til eins árs, við málsaðila með sömu skilyrðum og núverandi samningur að viðbættu ákvæði um að ef lóðin kemur til úthlutunar á samningstíma falli heimild landeiganda niður.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**11. 202306099 - Samráðsgátt. Samgönguáætlun fyrir árin 2024 - 2038**

202306099 - Samráðsgátt. Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038  
Fyrir liggur til umsagnar tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára áætlun fyrir árið 2024-2028, 315. mál.

Eftirfarandi tillaga lögð fram:

Byggðaráð samþykkir að fela sveitarstóra að skila inn umsögn í samræmi við umræðu á fundinum.

Samþykkt samhljóða án atkvæðagreiðslu.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:25**

